

---

## Arnstapavegur í Ljósavatnsskarði, Þingeyjarsveit

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 18. febrúar 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um breytingu á Arnstapavegi í Ljósavatnsskarði, Þingeyjarsveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Þingeyjarsveitar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breyting á Arnstapavegi (8660-01), Þingeyjarsveit. Fyrirspurn um matsskyldu. Vegagerðin, janúar 2021.


Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Þingeyjarsveit dags. 26. mars 2021.
- Minjastofnun Íslands dags. 26. febrúar 2021.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 8. mars 2021.
- Umhverfisstofnun dags. 24. febrúar 2021.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur að Arnstapavegur (8660-01) hafi nýverið verið tekinn inn á vegaskrá og í kjölfarið unnar á honum endurbætur. Samhliða þeim endurbótum hafi verið gerð smávægileg færsla á veginum til að bæta umferðaröryggi og færa veginn fjær farvegi Kambsár. Með færslunni hafi verið hægt að tryggja að endafrágangur vegriðs á Hringvegi við Kambsá væri fullnægjandi og í samræmi við veghönnunarreglur. Fram kemur að framkvæmdum við veginn sé lokið en vegna misskilnings hafði færsla vegarins orðið meiri en til stóð og framkvæmd án samráðs við viðkomandi sveitarfélag og Umhverfisstofnun. Einnig hafi láðst að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar.

Fram kemur að færslan sé inn á landi Litlu Tjarna sem sé í eigu sveitarfélagsins. Vegurinn var færður á um 150 m kafla næst Hringvegi 1. Vegurinn er 5 m breiður og 0,6 m hár. Heildarefnismagn til veglagningarinnar er um 450 m<sup>3</sup> og var sótt í námur við Víðivelli í Fnjóskadal og Stórutjarnir. Um 80 m<sup>3</sup> voru fengnir út haug í Arnstapanámu í frágang á fláum og köntum. Vegur sem var fyrir verður jafnaður út og aðlagður að umhverfinu. Ekkert rask verður utan við nýjan og gamlan veg.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir færslu á Arnstapavegi við vegamót Hringvegar 1 í Þingeyjarsveit. (Úr greinargerð framkvæmdaraðila).

#### 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.



## Verndarsvæði og gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmd er innan svæðis Ljósavatns nr. 520 á náttúruminjasrá. Framkvæmdin er tiltölulega lítil, á sléttum mel, og muni hafa hverfandi áhrif á landslag og engin á önnur verndargildi svæðisins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmd er innan svæðis nr. 520 á náttúruminjasrá og er verndargildi svæðisins talið vera fjölbreytt landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur. Um er að ræða breytingu á færslu heimreiðar sem liggja um sléttan mel og hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun bendir þó á að fjarlægja þurfi aflagðan hluta heimreiðar og eldri tengingu við Hringveginn. Með tilliti til þess telur stofnunin ekki líklegt að umrædd framkvæmd hafi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Náttúrufræðistofnunar Íslands bendir á í umsögn sinni að nokkuð víðfeðmt votlendi er á milli Stóru-Tjarna og Ljósavatns sem ekki hafi komið fram í tilkynningu framkvæmdaraðila. Vestan Arnstapavegar er votlendið samsett af blautum flóum, mýrum og deiglendi. Graslendi er næst Kambsá, deiglendi er fjær dregur og flóar taka við af deiglendi. Vistgerðarkort af svæðinu geri því miður gróðurfari ekki nægjanlega góð skil þar sem runnategundir í mýrlendi geri það að verkum að svæðið flokkast sem ýmsar gerðir mólendis. Stofnunin telur afar líklegt að á vegstæðinu séu vistgerðir með hátt verndargildi en þar sem að vegakaflinn er fremur stuttur raskar framkvæmdin tiltölulega litlu svæði. Þá er ólíklegt að votlendisvistgerðum og samfelldu votlendissvæði sem falli undir 61. gr náttúruverndarlaga verði raskað. Stofnunin telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum að því gefnu að ekki sé um frekari breytingar að ræða en fram koma í greinargerð framkvæmdaraðila. Afar óheppilegt væri að raska því samfellda votlendi sem er aðliggjandi við Arnstapaveg meira en orðið er enda hljóti votlendið að teljast drjúgur þáttur í verndargildi svæðisins þó því sé ekki gert hátt undir höfði í náttúruminjasrá.

## Fornleifar

Ekki er fjallað um fornminjar í greinargerð framkvæmdaraðila.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fornleifar hafi ekki verið skráðar á svæðinu en á loftmynd af svæðinu sést að vegurinn þverar línu sem liggur frá Hringvegi til suðausturs að Arnstapavegi. Ekki er ljóst hvort um er að ræða gamlan veg, skurð eða garð. Þá telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þegar snjóá leysir mun minjavörður Norðurlands eystra fara á vettvang og kanna hvort fornminjar sé að finna á svæðinu. Komi í ljós að framkvæmdin hafi raskað fornminjum verður metið hvort hægt sé að grípa til mótvægisáðgerða og í hverju þær muni felast.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Þingeyjarsveitar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingu á vegtengingu Arnstapavegar og Hringvegar 1 á um 150 m kafla sem þegar er lokið. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

**Eðli og staðsetning framkvæmdar og gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa**



Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig þarf að taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, auk þess að líta til álagspóls náttúrunnar m.t.t. sérstæðra jarðmyndana og kjörlendis dýra, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.. Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdarsvæðið er ekki umfangsmikið og innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin hafi haft áhrif á verndargildi svæðisins. Umhverfisáhrif framkvæmdar felast fyrst og fremst í áhrifum á gróður og hugsanlega á vistgerðir með hátt verndargildi. Ekki er ljóst hvort framkvæmdir hafi raskað minjum en Minjastofnun Íslands mun kanna svæðið með tillit til fornleifa þegar snjóá leysir og í framhaldinu taka ákvörðun um mótvægisáðgerðir, eigi það við, og í hverju þær muni þá felast. Framkvæmdum er lokið og áhrif framkvæmdanna því þegar komin fram. Með hliðsjón af framangreindu telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmar séu óveruleg með tilliti til umfangs og eðlis. Áhrif eru staðbundin en óafturkræf.

#### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 17. maí 2021.

Reykjavík, 13. apríl 2021.

  
Egill Þórarinnsson

  
Tinna Jónsdóttir